

FYRIR ÞÁ SEM ÓSKA EFTIR ÞVÍ AÐ
FRYSTA EGGIN SÍN

MERCK



INNGANGUR

Nú til dags er sífellt að verða algengara að bæði konur og karlar kjósi að eignast fjölskyldu seinna á ævinni. Ef konur fresta barneignum getur það reynst erfiðara að eignast barn síðar, þar sem egginn eldast og fjöldi þeirra er takmarkaður.


Þessi bæklingur er ætlaður þeim sem vilja frysta egg og geyma þar til síðar. Ástæðan getur verið af áhyggjum yfir því að eignast ekki fjölskyldu áður en frjósemi minnkar, að hafa ekki fundið maka eða vegna skilnaðar eftir langt samband.



Bæklingurinn var unninn í samvinnu við

Dr. Anna Lena Wennberg
Nordic IVF, Gautaborg, Svíþjóð






HVERNIG ER FARIÐ AÐ?

Meðferðin er nokkurn veginn eins og fyrir tæknifrjóvgun. Til þess að geta sótt egg í eggjastokka kvenna þarf að örva þá með hormónum til þess að fleiri egg þroskist samtímis. Hormónamyndun líkamans er einnig bæld með öðrum hormónasprautum eða nefúða, til að koma í veg fyrir að egglos verði of snemma. Hormónaörvunin tekur um það bil 10–14 daga. Á þeim tíma er fylgst með þroskun eggbúa með ómskoðun og/eða blóðsýnum.

Eðlilegt er að finna fyrir þrota og eymslum í kvið vegna örvunarinnar. Einnig er algengt að útferð sé mikil.

Egg eru sótt í eggjastokkana með nál sem stungið er inn um leggöng og stýrt með aðstoð ómunarstafs. Aðgerðin er fljótleg og ávallt eru gefin staðdeyfilyf og skjótvirk verkjastillandi lyf.





Ófrjóvnguð egg eru mjög viðkvæm. Með fyrri aðferðum við frystingu lifði aðeins lítill hluti eggjanna af eftir að hafa verið þídd og líkur á þungun voru því litlar.

Sú aðferð sem nú er notuð kallast glerjun og var hún þróuð í Japan í byrjun 21. aldar. Með aðferðinni eru ófrjóvnguð egg fryst mjög hratt í -196°C .

Með þessari aðferð er hægt að geyma egg í frysti í mörg ár, þau þola vel að vera þídd og geta því nýst konum til að verða þungaðar eftir að frjósemi þeirra minnkar.

HVE LENGI ER HÆGT AÐ GEYMA EGG Í FRYSTI?

Ef egg eru fryst af öðrum ástæðum en í lækningaskyni mæla lög og reglur fyrir um að ekki megi geyma þau lengur en þar til konan nær 48 ára aldri. Samkvæmt íslenskum lögum má geyma kynfrumur í hámark 50 ár.






HVERJAR ERU LÍKURNAR Á AÐ EIGNAST BARN?

Bæði líkur á að egg þoli að vera þídd og líkur á að eignast barn fara eftir aldri konunnar þegar egginn eru fryst. Því yngri sem konan er þegar egginn eru fryst, þeim mun betri eru líkurnar.

Flestar tæknifrjóvgunarstöðvar ráðleggja konum sem kjósa að frysta egg að geri það áður en þær ná 38 ára aldri og hafi í huga að láta frysta að minnsta kosti 20 egg. Ef þetta er gert spá reiknilíkön því að líkurnar á að eignast að minnsta kosti eitt barn séu um það bil 70%.



HVAÐA REGLUM ÞARF AÐ FYLGJA


Ef egg eru fryst af öðrum ástæðum en í lækningaskyni gilda reglur sem tæknifrjóvgunarstöðvar fara eftir. Þar er meðal annars fjallað um aldursmörk.

HVAÐ KOSTAR ÞETTA?

Ef egg eru fryst af öðrum ástæðum en í lækningaskyni borgar konan sjálf fyrir eggheimtuna og geymslu í frysti, auk þeirra lyfja sem notuð eru við meðferðina.

HVER ER ÁHÆTTAN?

Áhættan er lítil og svipuð og við tæknifrjóvgun. Nokkrir fylgikvillar geta komið fram og sá algengasti er oförvunarheilkenni, þar sem of mörg eggþú þroskast í eggjastokkunum. Alvarleg oförvun er sjaldgæf sem og aðrir fylgikvillar, svo sem blæðing, sýking eða snúningur á eggjastokkum.



HVAÐ ÞARF AÐ GERA TIL AÐ NOTA EGGIN SÍÐAR?

Þegar gera á tilraun til þungunar með eggjum sem hafa verið geymd í frysti þarf að gera frekari rannsóknir og ákveða tíma fyrir frjóvgunina í samráði við lækinn. Ef konan á karlkyns maka þarf einnig að rannsaka sáðfrumur hans. Oft þarf að undirbúa slímhúð legsins með hormónatöflum áður en eggjið er frjóvgað. Tímasetning frjóvgunarinnar er síðan samræmd vexti slímhúðarinnar.

Sama dag og eggin eru þídd eru þau frjóvguð með sáðfrumum frá maka eða sæðisgjafa. Það er gert með smásjárfrjóvgun. Frjóvgað egg eru síðan ræktað í 2–5 daga áður en fósturvísi er komið fyrir í leginu. Uppsetningin er yfirleitt einföld og er framkvæmd með því að fósturvísinum er sprautað inn í legið um granna plastsilöngu.



Merck AB
Icepharma
Lynghálsi 13, 110 Reykjavík
Sími 540 8000
icepharma.is

MERCK

Júní 2022, MER220607